

SORPA bs

Skýrsla framkvæmdastjóra

Lögð fram á stjórnarfund 433 föstudaginn 25. september 2020

Skýrsla framkvæmdastjóra rekur helstu mál sem verið hafa á döfnni í starfi framkvæmdastjóra frá síðasta stjórnarfund.

- Uppkeyrsla í MTFS hefur gengið nokkuð vel og sá áfangi hefur náðst að samlagið hefur tekið formlega við vinnslulínunni til rekstrar. Þetta þýðir í raun að við lítum svo á að verkefninu sé lokið en rekstur á afurð þess sé hafinn. Þjálfun starfsfólks er lokið og búið að ganga frá nauðsynlegum öryggisþáttum sem tengjast viðtöku búnaðarins. Þetta þýðir þó ekki að við séum komin yfir öll byrjunarvandamál, til dæmis hafa tennur í hakkara brotnað í tvígang, sem kallar á tímafreka vinnu við að taka hann í sundur og skipta tönnum út. Hér er um að ræða ábyrgðarmál og unnið er með portúgalska framleiðandanum Macrovil um varanlega lausn vandamálsins. Í heild teljum við að töluverðum áfanga hafi verið náð og í SORPU gleðjumst við yfir þessum tímamótum.
- Uppkeyrsla GAJA gengur ágætlega. Þegar þetta er skrifað er búið að taka við 322 tn af efni og þau hafa verið sett í fimm vinnslukrær. Gasgerðarferli fór hægt af stað en tók við sér og nú hafa köfnunarefni og súrefni að mestu horfið og tærleiki hauggassins er þegar orðinn meiri en af því hauggasi sem safnað er af urðunarstaðnum. Hlutfall metans í gasi frá GAJA er komið yfir 60% og því er hreinsun á þessu metani hafin í gashreinsistöð og um leið eykst magn af því metani sem samlagið getur afhent. Uppkeyrslan hefur þó ekki verið alveg áfallalaus því upp kom gasleki í lagnagangi og tengdist hann einni vinnslukró. Nú er unnið að úrlausn þess máls. Eftirlitsaðili tekur saman yfirlýsingu um að vinnslukrær séu óþéttar og þarf verktaki að gera úrbætur.
- Fjárhagsáætlun samlagsins 2021-2025 liggur fyrir eftir umfangsmikla vinnu stjórnenda og fjármálastjóra. Þeirri aðferðafræði var beitt við vinnslu áætlunarinnar að hún var þróuð í samstarfi og samvinnu allra stjórnenda er bera fjárhagslega ábyrgð. Það er mál manna að þessi vinna hafi gengið vel og skilað meiri rýni, meiri samfellu og betri áætlun en ella.
- Covid 19 setur visst mark á starfsemi samlagsins. Neyðarstjórn hefur fundað um ástandið og farið yfir stöðuna á einstökum starfsstöðvum. Í Álfsnesi hefur aftur verið tekin upp hópaskipting til að draga úr smithættu og hafa hóparnir aðskilda neyslu- og búningaaðstöðu líkt og í vor. Á aðalskrifstofu á Gylfaflöt hafa starfsmenn unnið heima eftir því sem aðstæður leyfa, til að létta álagi og fækka fólki á skrifstofunni. Á öðrum starfsstöðvum er starf skipulagt í samræmi við viðmið yfirvalda.